

EES-STOFNANIR

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN

Til lesenda

Ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 127/2014 var afturkölluð áður en hún var samþykkt og því er eyða í númeraröðinni.

ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR nr. 113/2014

2014/EES/71/01

frá 27. júní 2014

um breytingu á I. viðauka (Heilbrigði dýra og plantna) við EES-samninginn

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR TEKIÐ NEÐANGREINDA ÁKVÖRÐUN

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist „EES-samningurinn“ í því sem hér fer á eftir, einkum ákvæða 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Fella ber inn í EES-samninginn framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 84/2014 frá 30. janúar 2014 um leyfi fyrir blöndum með *Pediococcus pentosaceus* DSM 14021, *Pediococcus pentosaceus* DSM 23688 eða *Pediococcus pentosaceus* DSM 23689 sem fôðuraukefni fyrir allar dýrategundir ⁽¹⁾.
- 2) Fella ber inn í EES-samninginn framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 101/2014 frá 4. febrúar 2014 um leyfi fyrir L-týrósinu sem fôðuraukefni fyrir allar dýrategundir ⁽²⁾.
- 3) Fella ber inn í EES-samninginn framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 107/2014 frá 5. febrúar 2014 um töku fôðuraukefnanna kóbalklóríðhexahýdrats, kóbaltnítrathexahýdrats og kóbaltsúlfatmónóhýdrats af markaði og um breytingu á reglugerð (EB) nr. 1334/2003 ⁽³⁾.
- 4) Fella ber inn í EES-samninginn framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 121/2014 frá 7. febrúar 2014 um leyfi fyrir L-selenmeþíóníni sem fôðuraukefni fyrir allar dýrategundir ⁽⁴⁾.
- 5) Ákvörðun þessi varðar löggjöf um fôður. Ákvæði löggjafar um fôður skulu ekki gilda að því er varðar Liechtenstein meðan ákvæði samnings Evrópubandalagsins og Sambandsríkisins Sviss um verslun með landbúnaðarvörur taka einnig til Liechtensteins, eins og tilgreint er í aðlögunarákvæðum vegna einstakra atvinnugreina í I. viðauka við EES-samninginn. Ákvörðun þessi á því ekki að taka til Liechtensteins.
- 6) I. viðauki við EES-samninginn breytist því í samræmi við það.

ÁKVÖRÐUNIN ER SVOHLJÓÐANDI:

I. gr.

Ákvæði II. kafla I. viðauka við EES-samninginn breytist sem hér segir:

1. Eftirfarandi undirliður bætist við í lið 1zq (reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1334/2003):
„– **32014 R 0107**: Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 107/2014 frá 5. febrúar 2014 (Stjtið. ESB L 36, 6.2.2014, bls. 7).“

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 28, 31.1.2014, bls. 30.

⁽²⁾ Stjtið. ESB L 34, 5.2.2014, bls. 1.

⁽³⁾ Stjtið. ESB L 36, 6.2.2014, bls. 7.

⁽⁴⁾ Stjtið. ESB L 39, 8.2.2014, bls. 53.

2. Eftirfarandi liðir bætist við á eftir lið 2zzt (framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 1101/2013):

„2zzu. **32014 R 0084**: Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 84/2014 frá 30. janúar 2014 um leyfi fyrir blöndum með *Pediococcus pentosaceus* DSM 14021, *Pediococcus pentosaceus* DSM 23688 eða *Pediococcus pentosaceus* DSM 23689 sem fæðuaukefni fyrir allar dýrategundir (Stjtið. ESB L 28, 31.1.2014, bls. 30).

2zzv. **32014 R 0101**: Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 101/2014 frá 4. febrúar 2014 um leyfi fyrir L-týrósinu sem fæðuaukefni fyrir allar dýrategundir (Stjtið. ESB L 34, 5.2.2014, bls. 1).

2zzw. **32014 R 0107**: Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 107/2014 frá 5. febrúar 2014 um töku fæðuaukefnanna kóbaltklóríðhexahýdrats, kóbaltnítrathexahýdrats og kóbaltsúlfatmónóhýdrats af markaði og um breytingu á reglugerð (EB) nr. 1334/2003 (Stjtið. ESB L 36, 6.2.2014, bls. 7).

2zzx. **32014 R 0121**: Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 121/2014 frá 7. febrúar 2014 um leyfi fyrir L-selenmeþíóninu sem fæðuaukefni fyrir allar dýrategundir (Stjtið. ESB L 39, 8.2.2014, bls. 53).“

2. gr.

Íslenskur og norskur texti framkvæmdarreglugerða (ESB) nr. 84/2014, (ESB) nr. 101/2014, (ESB) nr. 107/2014 og (ESB) nr. 121/2014, sem verður birtur í *EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgiltur.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi 28. júní 2014, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. EES-samningsins hafi borist (*).

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 27. júní 2014.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

Gianluca Grippa

formaður.

(*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.